

3. fundur fræðslunefndar ársins 2012 vegna Undralands, haldinn 4. júní 2012 í leikskólanum, kl. 16:00. 13. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Þórs Jóhannessonar, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Inga Jóna Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra. Unnsteinn Eggertsson boðaði forföll, Bozena Jozefik, varamaður Unnsteins mætti ekki.

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Skóladagatal fyrir næsta skólaár.
3. Stöðugildi næsta skólaár.
4. Dagskipulag næsta skólaárs.
5. Trúnaðarmál.
6. Ný skólastefna.
7. Vistun yngri barna.
8. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ❖ Apríl einkenndist af páskaundirbúningi og fríi, veðrið var líka sérstaklega gott og var nokkrum sinnum snætt utandyra í kaffitímanum, börnunum til mikillar sælu. Börnin æfðu svo sönglög af krafti fyrir afmælishátíðina. Flensan lét kræla á sér en herjaði þá aðallega á starfsfólk, börnin sluppu nokkuð vel þetta árið.
- ❖ Maí mánuður var fullur af viðburðum og skemmtilegum uppákomum eins og vorin einkennast af. Óvenju mikil framleiðsla var af fagurgrænu hori sem við héldum að engan endi myndi hafa.
- ❖ Starfsmannaviðtöl voru tekin í maí og farið var yfir innra mat starfsfólks á starfsmannafundinum í maí.
- ❖ Vorskólinn var í annarri viku maí. Snillingar og 1.bekkur fóru í leiki úti á íþróttavelli og komu svo í leikskólann að leika. Þau fóru svo í sundkennslu hjá Árna sem var mikið ævintýri. Endað var í skóginum og þar voru grillaðar pylsur og sykurlúður og farið í leiki. Börnin voru alsæl eftir skemmtilega daga.
- ❖ Vorhátíðin okkar var 16. maí í nokkuð góðu veðri samt var vindurinn dálítið svalur þennan dag, en allir gátu leikið úti á stöðvum og borðað var úti, grillaða hamborgara. 1.bekkur kom og tók þátt með okkur og fóru allir skrautlegir í framan úr leikskólanum þennan dag.
- ❖ Vorsýningin okkar varð að afmælishátíð og lukkaðist hún mjög vel og var hin glæsilegasta, starfsfólkið leggur sig allt fram í uppsetningu verkanna og á hrós skilið. Börnin sungu vel valin lög og gerðu það lista vel og af mikilli innlifun. Hrunamannahreppur bauð uppá súkkulaðiköku í tilefni dagsins og Foreldrafélagið sá um kaffi, djús og grænmeti. Kökubasar foreldrafélagsins gekk líka mjög vel og voru allar kökur seldar áður en Vorsýningu lauk. Okkur bárust nokkrar gjafir í tilefni dagsins: 100.000.- kr. frá Kvenfélaginu, 30.000.- kr frá Ragnari og Mörtu, bókina Vinaból gaf hún Ragnheiður okkur og stórfjölskyldan á Efra-Seli gaf tvær vinnuvélar í sandkassann. Foreldrafélagið gefur líka peningagjöf. Er þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir.
- ❖ Garðyrkjuvikan var næst síðustu viku maí og í samstarfi við Flúðaskóla, Snillingarnir fóru og tóku þátt í stöðvavinnu yngsta stigs. Og krakkar af miðstigi komu og settu niður kartöflur með okkur. Skemmtileg þróun á sameiginlegri útikennslu beggja skólastiga sem á eflaust eftir að þróast með hverju árinu.
- ❖ Í maí fækkar aðeins af börnum hjá okkur og eru 8 börnum færra í júní og um miðjan júní fara tvö til viðbótar í sumarfrí. Valdís fer í sumarfrí 1. júní.
- ❖ Undirrituð fer í aðgerð 6 júní og verður frá í eina og hálfu viku vegna þessa.

- ❖ Starfið í júní skiptist í þrjár athafnavikur.
- ❖ Við byrjum á fjallgönguviku 4-8 júní, þá klífum við helstu holt og hæðir í kringum okkur og toppum svo með Miðfellsgöngu, þá göngum við yfir Miðfell og endum hjá Öddu Siggu í grilli. Öll börnin nema yngsti árgangurinn ganga yfir fjallið en þau sem ekki ganga eru keyrð fram og til baka í Miðfell. Svo eru allir nema tveir elstu árgangarnir keyrðu til baka í leikskólann. Þau ganga svo til baka slóð fiðrildanna.
- ❖ Skógarvika verður 11-15 júní en þá nýtum við Kvenfélagsskóginn til leikja og fræðslu, við áætlum að eyða einum degi alfarið í skóginum frá morgni fram að lokun, það fer eftir því hvort veðurguðirnir verði okkur hliðhollir.
- ❖ Vatnsvika verður svo 20-24 júní, ef sumarið verður farið að ylja upp ár og læki þá förum við að vaða og nýtum okkur vatn til náms og leikja.
- ❖ Leikskólinn verður ekki þrífinn eins og vaninn er í júní heldur verður hann undirbúinn fyrir þakgluggaskipti, við verðum að fjarlægja allt úr Skrautás og Hrunakrók, svo áætlum við að þrífa vegg í ágúst.
- ❖ Sami starfsmannafjöldi verður næsta haust og fram að áramótum. Einn starfsmaður verður í minni prósentu. Sjá meðfylgjandi gögn.

2. Skóladagatal fyrir næsta skólaár.

Leikskólastjóri kynnti skóladagatal fyrir næsta skólaár. Fræðslunefnd samþykkir fyrirbyggjandi skóladagatal.

3. Stöðugildi næsta skólár.

Leikskólastjóri kynnti áætlun um stöðugildi fram að næstu áramótum. Málið rætt. Starfsmannamál verða endurskoðuð við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

4. Dagskipulag fyrir næsta skólaár.

Leikskólastjóri kynnti dagskipulag vegna næsta skólaárs þar sem meiri áhersla verður lögð á útikennslu og bættu nýtingu húsnæðis.

5. Trúnaðarmál.

Tekið fyrir trúnaðarmál og fært í trúnaðarbók.

6. Ný skólastefna.

Formaður kynnti stöðu mála. Niðurstöður skólaþings verði gerðar opinberar á heimasíðu sveitarfélagsins. Unnið verði áfram með málið eftir sumarleyfi.

7. Vistun yngri barna.

Leikskólastjóri mun kanna þörf fyrir vistun yngri barna og kynna fræðslunefnd niðurstöður.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.10.